

Ellefti fundur nefndar. Haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Skuggasundi 1, dags. 026.03.2019. Fundur hófst kl. 11:30.

Fundinn sátu: Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Vilhjálmur Árnason, Óli Halldórsson, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Bergþór Ólason, Valtýr Valtýsson, Hanna Katrín Friðriksson, Steingrímur J. Sigfússon, Steinar Kaldal.

Forföll boðuðu: Halldóra Mogensen, Dagbjört Jónsdóttir.

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Áherslur í stjórn og vernd: Yfirferð

Nefndin fór yfir textadrög um áherslur í stjórnar- og verndaráætlun. Nokkrar lagfæringar voru gerðar á textadrögum. Einnig komu fram tillögur að viðbótum við textann og var ákveðið að verkefnisstjóri myndi skrifa þær inn og senda nefndarmönnum til skoðunar og samþykktar daginn eftir. Drögin færu svo í samráðsgáttina vikuna á eftir, bærust ekki athugasemdir innan þriggja daga.

2. Framvinda vinnu - Ráðgjöf Alta, þekjur NÍ, næstu fundi

Formaður fór yfir þá ráðgjafarvinnu sem verið væri að vinna fyrir nefndina. Í ljósi þess að henni væri ekki lokið stakk formaður upp á að fundi sem átti að halda 2. apríl yrði frestað til 9. apríl því þá ættu gögn að liggja fyrir. Einnig lagði formaður til að haldinn yrði fundur 30. apríl í ljósi þess að nefnd hefur ákveðið að setja tillögur sínar varðandi mörk Þjóðgarðs, áherslur í skiptingu í verndarflokka og umfjöllun um aðkomuleiðir, þjónustumiðstöðvar, svæðisskiptingu og rekstrarsvæði á samráðsgátt um mánaðamótin apríl/maí.

Nefndin samþykkti að fresta fundi til 9. apríl og að funda aftur 30. apríl.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 12:55.